

á síðustu tímum almenn hyggja lærðra manna, að öll frumefni, er svo nefnast, eða að minnsta kosti allir málmannir sé af einu og sama frumefnis gerfi. Eftir því væri engin fjarstæða að állta, að eitt þeirra gæti breytt í annað, þó breyting þeirra verði ekki komið á með þeim tækjum, sem vér til þessa höfum umráð yfir. Kæmi nú mikilsháttar efnafræðingur fram og gæfi í skyn, að sér hefði tekist að breyta málmunum hverjum í annan, tækjum vér því með efun, en oss kæmi ekki til hugar, að kalla hann hjátrúarfullann, því ekki er fyrir það að synja, að eitt sinn upp-götivist kraftur sá, er breytingunni má valda. En komi annar og segi, að sér hafi heppnast að „gera gull“ með „vizekusteininum“*, þá kölluðu allir slíkan mann hjátrúarfullan hérvitring og það með réttu, því tilvist vizekusteinsins er alveg gagnstæð allri þekkingu vorri á náttúrulögmálinu.

Alveg hið sama verður ofan á, er um ýms tímabil er að ræða. Hvert þessi skoðun er hjátrúarleg, dæmist eftir hinum andlega þroska manna á því tímabili. Á miðöldunum var ekki hægt að nefna trúna á „vizekusteininn“ hjátrú, því þá var náttúruþekking manna svo örflít. Þeir þekktu ekki grundvallarlögmál efnafræði vorra tíma, að efnismegið í heiminum sé óbreyt-anlegt, og að ekkert nýtt efni, er eigi var áður til, verði fram-leitt. Þeir ætluðu þvert á móti, að þeir hefði oftsinnis séð efni hverfa (t. d. þegar efni brennur). Það var því eins og til stóð, að með „vizekusteininum“ væri hægt að breyta einu pundi eiris eða blýs í mörg pund gulls. Frá þeirra sjónarmiði er ekki þetta hjátrú, en frá voru er það ekkert annað, og staðfestir það enn á ný, hversu umráðasvið hjátrúarinnar er vítt og reikult.

Að lokum dróg að því, að trúnaðurinn á vizekusteininn veik-laðist,— tilraunirnar voru orðnar svo ótal margar, og allar mis-tekist. Fræðimennirnir gömlu þóttust nú sjá að hann striddi mót röð og eðli náttúrunnar —ásamt með ódainsvökvanum, er þeir einnig leituðu að. Og hvarf svo öll kenningin um „vizeku-

*). „Vizekusteininn“ ætluðu hinir gömlu fræðimenn að fengi eigi að eins breytt málmunum efnislega, heldur einnig aukið þyngd þeirra, og með honum væri hægt að lækna alla sjúk-dóma og framlengja líf manna óendanlega.